

HSA: Ríflega 250 milljóna króna niðurskurður á árinu

Gefið af Gunnar Gunnarsson
föstudagur, 26 júní 2009
Síðast uppfært föstudagur, 26 júní 2009

Heilbrigðisstofnun Austurlands hefur verið gert að skera niður um 55-60 milljónir króna í viðbót við áður fyrirhugaðan 200 milljóna króna niðurskurð ársins. Tímabundinna lokanna má vænta á ákveðnum starfsstöðum. Öll bráða- og neyðarþjónusta verður starfrækt áfram.

Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 var Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA) gert að draga saman í rekstri um það bil tvö hundruð milljónir króna, sem er um 10% af ársveltu. Heilbrigðisráðuneytið hefur farið fram á 55-60 milljóna króna aukasparnað í ár. Það kallar á sparnað í launakostnaði, sem er um 80% af útgjöldum stofnunarinnar, að því er fram kemur í fréttatilkynningu. Óskað hefur eftir fundum með forsvarsmönnum nokkurra stéttarfélaganna á starfsvæði stofnunarinnar til þess að gera þeim grein fyrir þessari alvarlegu stöðu, og óskað eftir samstarfi og skilningi á þeim ákvörðunum sem taka þarf.

Í ársbyrjun var farið yfir allar deildir, starfsvið og starfstöðvar í leit að sparnaðarleiðum sem hefðu sem minnsta þjónustuskerðingu fæstar uppsagnir starfsmanna í för með sér. Gerðar hafa verið breytingar á vinnuferlum, hagrætt í innkaupum og öðrum rekstrarútgjöldum. Laun stjórnenda voru lækkuð með samkomulagi. Samningum við lækna var sagt upp og þeir endurráðnir með breyttu fyrirkomulagi og tímabundinni lækkun launa. Á Egilsstöðum og í Fjarðabyggð verða færri lækningar í sumar en verið hefur. Með samkomulagi við starfsmenn hefur starfshlutfall sumra verið lækkað, dregið verulega úr sumarafleysingum og reynt að komast hjá yfirvinnu vegna veikinda þar sem það hefur verið hægt.

Færra sumarstarfsfólk þýðir að einstaka starfsstöðvum verður lokað tímabundið, þar á meðal heilsugæslunni í Fjarðabyggð. Bið kann einnig að lengjast. Þjónusta sérfræðinga, svo sem sálfræðinga, minnkar og dregið verður úr starfsemi skurðstofu Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað. Öll bráða- og neyðarþjónusta verður starfrækt og ekki ástæða til að ætla að neinum sé sá með samdrættinum.

Í niðurlagi tilkynningar er þjónustuþegum HSA óskað góðrar heilsu, gleðilegs sumars og óskað skilnings á stöðu stofnunarinnar.